

Fundargerð

222. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 8. mars 2017 kl. 16:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Innkomin erindi
2. Aðalfundur
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Innkomin erindi

Framlögð gögn á síðastafundi: Tilboð frá Íslenskri jarðhitatækni ehf. vegna endurvirkjunar á vinnsluholu UV-8 og UV-10. Framlögð gögn á fundinum: Erindi frá Birni Sveinssyni fyrir hönd Grásteins í Eyvindarárlandi.

a) Framkvæmdastjóri fór yfir málið þar sem óskað er eftir að tengjast hita- og vatnsveitu. Í ljósi hugmynda um fyrsta áfanga fyrirhugaðra framkvæmda á Stakkabergi 1 og 2 þá er möguleiki á að selja tengingar á heitu og kölduvatni án þess að þurfa að styrkja kerfi hita- og kaldavatnsveitna sérstaklega. Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

b) Endurvirkjun á vinnsluholu UV-10 og UV-8. Gert er ráð fyrir að verkið kosti 15 – 17 milljónir kr. með búnaði og vinnu. Nauðsynlegt er að fara í verkefnið til að styrkja kerfið og auka þar með rekstraröryggi veitunnar. Hagstætt er að fara í verkefnið núna og vera í samfloti við aðrar veitur um innkaup. Framkvæmdastjóra að falið að staðfesta kaup á búnað samkvæmt framlögðu tilboði.

2. Aðalfundur

Framlögð gögn: Dagskrá og tillögur.



Farið yfir dagskrána og tillögur sem verða fram bornar.

3. Önnur mál

- a) Farmkvæmdastjóri lagði fram uppgjör á framkvæmdum við Tjarnarbraut heildarkostnaður varð rúmlega 24,1 milljónir króna.
- b) Formaður og fundarmenn þökkðu samstarfið á rekstrarárinu.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 16:48

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson